TÁLKNAFJARÐARHREPPUR

Endurskoðun aðalskipulags 2019-2031

SKIPULAGSLÝSING



Júní 2019

TÁLKNAFJARÐARHREPPUR

Endurskoðun aðalskipulags 2019-2031
Skipulagslýsing

Júní 2019

Óskar Örn Gunnarsson
Margrét Ólafsdóttir

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR 1

1.2 AÐALSKIPULAG 2
1.3 ÁHERSLUR 2
1.4 SKIPULAGSSVÆÐIÐ 3
1.5 UMSJÓN 3

2 FORSENDUR - TÁLKNAFJARÐARHREPPUR 4

2.1 NÁTTÚRA 4
2.2 ÍBÚAFJÖLDI 4
2.3 ATVINNA 7
2.4 FERÐAÞJÓNUSTA 9
2.5 SAMGÖNGUR 10
2.6 FJARSKIPTI 10

3 VIÐFANGSEFNI OG HAGSMUNAAÐILAR 11

3.1 GREINING Á STEFNUMÓTUN 11
3.2 VIÐFANGSEFNI 12

4 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR 14

4.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 14
4.2 RAMMAÁÆTLUN 15
4.3 NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLUN 15
4.4 NÁTTÚRUMINJASKRÁ 16
4.5 SAMGÖNGUÁÆTLUN 16
4.6 ÁÆTLANIR OG STEFNUR SVEITARFÉLAGSINS OG SVEITARFÉLAGA Á VESTFJÖRÐUM 16
4.6.1 Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 16
4.6.2 Umhverfisvottaðir Vestfirðir 17
4.6.3 Aðalskipulag Vesturbyggðar 18
4.6.4 Aðrar stefnur og samþykktir á sveitarfélags- og svæðisvísu 18
4.7 AÐRAR ÁÆTLANIR STJÓRNVALDA 18
4.7.1 Fjarskiptaáætlun 18
4.7.2 Kerfisáætlun 18
4.7.3 Skipulag haf- og strandsvæða 18
4.7.4 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 19

4.7.5 Ferðamálastofa – Stefna 2017-2020. Framtíðarsýn, hlutverk og gildi. 20
4.7.6 Aðrar stefnur á landsvísu 20

5 MATSLÝSING 20

5.1 HELSTU ÁHRIFAÞÆTTIR 22
5.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHERSLUR 23
5.3 UMHVERFISVIÐMIÐ 25
5.4 VALKOSTIR OG MAT Á ÁHRIFUM 31

6 SKIPULAGSFERLIÐ 33

6.1 TÍMAÁÆTLUN 33
6.2 SAMRÁÐ OG KYNNING 34

7 HEIMILDIR 36

8 VIÐAUKI 37

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1. Áhrifaþættir skipulagsins. 22
Tafla 2. Matsþættir í umhverfismati. 24
Tafla 3. Stefnumörkun. 27
Tafla 4. Reglugerðir. 27
Tafla 5. Önnur stefnumörkun. 29
Tafla 6. Samningar. 30

LÍNURITASKRÁ

Línurit 2. Íbúafjöldi í Tálknafjarðarhreppi 1998-2018. 4
Línurit 1. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang af heildar íbúafjölda Tálknafjarðarhrepps .....
Línurit 3. Aldursdreifing í Tálknafjarðarhreppi árið 2018 borin saman við árið 1998. 5
Línurit 4. Aldursdreifing íbúa Tálknafjarðarhrepps 1998 og 2018. .....
Línurit 5. Aldursdreifing í Tálknafjarðarhreppi borin saman við landið allt, 2018. 6
Línurit 6. Hlutfall þeirra sem búa í dreifbýli og þéttbýli í Tálknafjarðarhreppi. 7
Línurit 7. Hlutfall fólks á vinnualdri af heildar íbúafjölda Tálknafjarðarhrepps 1998 og 2018 .....
Línurit 8. Hlutfall fólks á vinnualdri af heildar íbúafjölda 2018, Tálknafjarðarhreppur og landið allt. 9

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Kort sem sýnir afmörkun og staðsetningu Tálknafjarðarhrepps á Vestfjörðum. .....
Mynd 2. Skipurit aðalskipulags. .....
Mynd 3. Glatt á hjalla á Tálknafirði. .....
Mynd 4. Náttúrufegurð. .....
Mynd 5. Fólk að störfum við Tálknafjarðarhöfn. .....
Mynd 6. Löndun við Tálknafjarðarhöfn. .....
Mynd 7. Verslunin Hjá Jóhönnu við Strandgötuna. .....
Mynd 8. Íþróttahúsið og tjaldsvæðið á sumardegi. .....
Mynd 9. Sveitavegur. .....
Mynd 10. Íbúðabyggðin á Tálknafirði. .....
Mynd 11. Marað í heitum potti sundlaugar Tálknafjarðar. .....
Mynd 12. Kerlingarklof. .....
Mynd 13. Tálknafjarðarkirkja. .....
Mynd 14. Sólarlag. .....
Mynd 15. Tálknafjörður í fjarska. .....
Mynd 16. Stefnt í átt að Tálknafirði. .....
Mynd 17. Tálknafjarðarhöfn á fallegum degi. .....
Mynd 18. Snjóþungur vetur. .....
Mynd 19. Yfirlit yfir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. .....
Mynd 20. Brugðið á leik. .....
Mynd 21. Sjósetning. .....
Mynd 22. Tálknafjarðarkirkja. .....

Hvað er skipulagslýsing og hvaða erindi á hún við mig?

Í skipulagslýsingu gerir skipulagsnefnd sveitarfélags grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunar sem fyrirhuguð er og hvernig staðið verður að henni. Eftir að lýsingin hefur verið samþykkt í sveitarstjórn er hún kynnt opinberlega og send Skipulagsstofnun til umsagnar.

Tilgangur skipulagslýsingar er að veita upplýsingar um þá vinnu sem framundan er. Þá er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefið tækifæri til að fylgjast með vinnunni frá upphafi og koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við áætlunargerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur frá fyrstu stigum skipulagsferilsins.

Ábendingar og athugasemdir sem berast við skipulagslýsinguna verða nýttar til að skilgreina verkefnið og feril þess nánar og við greiningu og stefnumótun á síðari stigum vinnunnar.

1. INNGANGUR

Árið 2006 var í fyrsta skipti unnið aðalskipulag sem náði til alls Tálknafjarðarhrepps. Hér er lögð fram skipulagslýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Tálknafjarðar 2006-2018. Lýsingin er verkáætlun um mótun tillögu að endurskoðun á gildandi aðalskipulagi þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar lagðar fram ásamt tímaáætlun skipulagsferilsins. Með þessari lýsingu er verkefnið kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum til að greiða fyrir og hvetja til þáttöku þeirra í mótun endurskoðaðrar aðalskipulagsáætlunar og gefa þeim færi á að koma athugasemdum sínum og hugmyndum á framfæri á upphafsstigum verkefnisins. Tilgangur lýsingar er að:

- **Tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila frá fyrstu stigum skipulagsvinnunnar.**
- **Stuðla að gagnsæi í öllu ferlinu og bæta upplýsingastreymi til íbúa.**
- **Gera skipulagsvinnuna markvissari og fá fram sjónarmið sem flestra samfélagshópa.**
- **Að sveitarstjórn og aðrir sem koma að skipulagsgerðinni hafi góða yfirsýn.**
- **Stuðla að auknum gæðum við gerð skipulags og umhverfismat þess.**

Hvað er aðalskipulag?

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar.

Sú stefna sem sett er fram í aðalskipulagi er útfærð nánar í deiliskipulagi fyrir einstök hverfi eða reiti.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags. Skipulagsnefnd sveitarfélags annast gerð aðalskipulags í umboði sveitarstjórnar.
Í upphafi nýs kjörtímabils skal sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort endurskoða skuli gildandi aðalskipulag.

Aðalskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og staðfest af Skipulagsstofnun.

1.2 AÐALSKIPULAG

Í lok árs 2018 samþykkti sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags hreppsins. Gildandi aðalskipulag var samþykkt árið 2006 og hefur verið breytt fjórum sinnum.
Í aðalskipulagi setur sveitarstjórn fram stefnu sína um framtíðarþróun í sveitarfélaginu, um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu og þjónustukerfi og umhverfismál. Þar ber sveitarfélögum að setja fram stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Lýsa skal forsendum þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið og hvernig settum markmiðum skal náð. Aðalskipulagi er ætlað að leiða okkur í átt að sjálfbærri nýtingu lands og stuðla að sveigjanlegu og öruggu umhverfi fyrir íbúa og atvinnulíf. Aðalskipulag á að vera virkt stjórntæki sem nýtist beint við ákvarðanatöku og við gerð áætlana sem fjalla um ráðstöfun lands.
Í aðalskipulagi setur sveitarstjórn fram stefnumótun um framtíðarþróun í sveitarfélaginu um landnotkun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi. Markmið með gerð aðalskipulags er að hafa virkt stjórntæki sem nýtist beint við ákvarðanatöku. Skal aðalskipulag einnig nýtast við gerð annarra áætlana er snerta ráðstöfun lands á einn eða annan hátt og aðrar skipulagsáætlanir innan sveitarfélagsins vera í samræmi við aðalskipulagið.

1.3 ÁHERSLUR

Við ákvörðun um endurskoðun aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps voru eftirfarandi atriði höfð að leiðarljósi:

- **Skipulagstímabil gildandi aðalskipulags er til ársins 2018 og því kominn tími á endurskoðun.**
- **Frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest, hafa tekið gildi ný skipulagslög og -reglugerð og kallar það á ákveðna uppfærslu í framsetningu aðalskipulags.**
- **Alþingi hefur staðfest landsskipulagsstefnu sem taka ber mið af við gerð skipulagsáætlana.**



Mynd 1. Kort sem sýnir afmörkun og staðsetningu Tálknafjarðarhrepps á Vestfjörðum.

➔ **Á skipulagstímabili gildandi aðalskipulags hafa orðið breytingar í sveitarfélaginu, efnahagslegar breytingar með breytingum í atvinnurekstri og fækkun íbúa. Nýjar áskoranir kalla á nýja stefnumótun.**

1.4 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagið tekur til alls lands Tálknafjarðarhrepps sem er í Tálknafirði á sunnanverðum Vestfjörðum, umlukið sveitarfélaginu Vesturbyggð. Tálknafjarðarhreppur á upphaf sitt í hreppaskipan á þjóðveldisöld (Lýður Björnsson, 1972). Sveitarfélagið er ekki landmikið en heildar landstærð þess er um 176 km^2. Brött hamrafjöll umlykja fjörðinn og í þeim liggja sveitarfélagsmörkin, í norðri í Kálfadal norður af Skildi og eftir fjallahryggnum suður að Klettarein, og þaðan vestur eftir Lambeyrarhálsi í Tálkna og þaðan út í sjó. Fjörðurinn er frábær höfn frá náttúrunnar hendi þar sem Sveinseyraroddi lokar firðinum að hluta og ver hann fyrir úthafsöldunni.


Tálknafjörður er hluti af Vestfjarðastofu sem tók við verkefnum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Fjórðungssambands Vestfjarða. Undir Vestfjarðastofu heyrir einnig Markaðsstofa Vestfjarða og menningarfulltrúi Vestfjarða. Einnig er Tálknafjarðarhreppur aðili að Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

1.5 UMSJÓN

Samið var við Landmótun sf. um skipulagsráðgjöf við endurskoðunina. Landmótun mun starfa í samvinnu við byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps ásamt skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.



Mynd 2. Skipurit aðalskipulags.



Línurit 1. Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang af heildar íbúafjölda Tálknafjarðarhrepps


2 FORSENDUR - TÁLKNAFJARÐARHREPPUR

2.1 NÁTTÚRA

Fjöll sem eru flöt að ofan og brattar hlíðar í sjó fram á mörgum stöðum einkenna Vestfirði. Vogskorin strandlengjan á Vestfjörðum er um þriðjungur strandlengju Íslands og lítið undirlendi er til landbúnaðar á svæðinu.

2.2 ÍBÚAFJÖLDI


Þann 1. febrúar 2019 voru íbúar Tálknafjarðarhrepps 259, og hafði þá fjölgað um 15 íbúa frá árinu áður. Gögn frá Hagstofu Íslands um íbúaþróun í Tálknafjarðarhreppi sýna að íbúum hefur fækkað síðastliðin 20 ár um 21%, úr 327 árið 1998 í 259 árið 2019. Íbúasamsetning hefur á sama tíma tekið breytingum. Landsvæði sveitarfélagsins er fremur lítið og stór meirihluti íbúa býr í þéttbýlinu á Tálknafirði, eða 92-95% á árunum 1998-2018 (línurit 6, bls. 7). Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang hefur á sama tíma hækkað úr 12% í 21% (línurit 1).




Línurit 2. Íbúafjöldi í Tálknafjarðarhreppi 1998-2018.



Mynd 3. Glatt á hjalla á Tálknafirði.



Línurit 4. Aldursdreifing íbúa Tálknafjarðarhrepps 1998 og 2018.




Línurit 3. Aldursdreifing í Tálknafjarðarhreppi árið 2018 borin saman við árið 1998.

Skipting kynja er mismunandi eftir aldurshópum en konur eru 43% íbúa í sveitarfélaginu og karlar 57% (sjá línurit 3 og 5). Börnum og ungmennum hefur fækkað nokkuð undanfarin 20 ár, en fjölgað hefur í hópi 45 ára og eldri.




Mynd 4. Náttúrufegurð.



Línurit 5. Aldursdreifing í Tálknafjarðarhreppi borin saman við landið allt, 2018.



Mynd 5. Fólk að störfum við Tálknafjarðarhöfn.



Línurit 6. Hlutfall þeirra sem búa í dreifbýli og þéttbýli í Tálknafjarðarhreppi.

Eins og línurit 6 gefur til kynna hefur hlutfall íbúa í dreifbýli og þéttbýli haldist nokkuð stöðugt undanfarin 20 ár, en á milli 92-95% búa í þéttbýlinu á Tálknafirði.

2.3 ATVINNA

Vinnusóknarsvæði Tálknafjarðarhrepps nær til hreppsins og sveitarfélagsins Vesturbyggðar sem umlykur Tálknafjarðarhrepp. Atvinnulíf á Vestfjörðum hefur tekið talsverðum breytingum undanfarin ár, meðal annars með fjölgun ferðamanna og aukningu í fiskeldi. Uppbygging innviða á Vestfjörðum hefur bætt lífsgæði og rekstrarumhverfi fyrirtækja á svæðinu en þó er enn langt í land að íbúar Vestfjarða standi jafnfætis öðrum landsmönnum hvað varðar samgöngur og aðgengi að ýmissi þjónustu. Veruleg breyting verður síðla árs 2020 þegar Dýrafjarðargöng og heilsársvegur munu tengja saman norðan- og sunnanverða Vestfirði.

Tálknafjörður hélt lengi vel sínu nokkuð vel eða allt fram til þess að fiskvinnslan Þórsberg hf. lokaði en eftir það fækkaði íbúum í Tálknafjarðarhreppi um tæplega 23%.[1]

Tálknafjarðarhreppur byggði afkomu sína lengi vel á landbúnaði, útgerð og fiskvinnslu. Togarinn Tálknfirðingur átti sína heimahöfn á Tálknafirði en var seldur og landbúnaður er ekki lengur


[1] https://www.byggdastofnun.is/static/files/Fiskeldi/byggdaleg_ahrif_fiskeldis.pdf bls. 16.


Mynd 6. Löndun við Tálknafjarðarhöfn.

stundaður í hreppnum, utan frístundabúskapar. Nokkrar breytingar hafa orðið á atvinnulífi bæjarins á undanförnum árum, með breytingum í veiðum og vinnslu sjávarafurða, tækniþróun og samþjöppun í eignarhaldi útgerða. Önnur atvinnutækifæri hafa skotið upp kollinum í staðinn og nú er meiri áhersla lögð á fiskeldi og ferðaþjónustu.

Einhæfni í atvinnulífinu er ógn við stöðugleika og atvinnuöryggi. Á Tálknafirði er matvöruverslun, heilsugæsla, félagsheimili, og íþróttamiðstöð. Kaffihús er rekið yfir sumartímann í Dunhaga og veitingastaðurinn Hópið er opinn árið um kring og eru báðir staðirnir vinsælir viðkomustaðir ferðamanna. Gott tjaldsvæði er á Tálknafirði með góðu plássi fyrir húsbíla, hjólhýsi og tjaldvagna og sundlaugin er vel búin og notaleg.

Þegar litið er til einstaklinga á vinnualdri (18-67) hefur konum í sveitarfélaginu hlutfallslega fækkað lítillega (1%) síðustu 20 ár en körlum á sama tíma fjölgað mikið, eða um 18% (sjá mynd 8). Börnum og ungmennum undir 18 ára aldri fækkar til muna á sama tíma og ellilífeyrisþegum (eldri en 66 ára) fjölgar. Fjöldi barna á grunnskólaaldri hefur dregist saman um 45% á síðastliðnum tuttugu árum. Körlum á vinnualdri hefur fjölgað mikið á sama tíma og konum á vinnualdri hefur



Línurit 7. Hlutfall fólks á vinnualdri af heildar íbúafjölda Tálknafjarðarhrepps 1998 og 2018




Mynd 7. Verslunin Hjá Jóhönnu við Strandgötuna.



Mynd 8. Íþróttahúsið og tjaldsvæðið á sumardegi.

fækkað lítillega. Er það merki um að auka þurfi fjölbreytni í störfum í sveitarfélaginu til að laða að ungt fjölskyldufólk og jafna hlutfall kynjanna.



Línurit 8. Hlutfall fólks á vinnualdri af heildar íbúafjölda 2018, Tálknafjarðarhreppur og landið allt.

2.4 FERÐAÞJÓNUSTA

Í uppbyggingu ferðaþjónustu eru mikilvæg tækifæri fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni til verðmætasköpunar í stað hefðbundinna undirstöðuatvinnugreina, svo sem sjávarútvegs. Fjöldi ferðamanna í Tálknafjarðarhreppi og á Vestfjörðum í heild hefur ekki haldist í hendur við fjölgun ferðamanna á Íslandi á síðastliðnum árum. Ýmis þjónusta fyrir ferðamenn er í boði og hefur framboð aukist undanfarin ár, en enn eru ónýtt sóknarfæri í uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu. Tálknafjörður er staðsettur miðsvæðis á sunnanverðum Vestfjörðum en gistirými fyrir ferðamenn, ein megin forsenda þess að efla ferðaþjónustu á svæðinu, eru takmörkuð. Á Tálknafirði er gott tjaldsvæði og sundlaug, veitingastaðurinn Hópið, gistiheimilið Bjarmaland og Dunhagi sem er upplýsingamiðstöð og menningarhús ásamt kaffihúsi. Ekki er mikið um afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu en ónýtt tækifæri til sóknar liggja víða í náttúruupplifunartengdri afþreyingu, svo sem fuglaskoðun, gönguferðum, sjóstangaveiði og bátaferðum. Tekin hafa verið saman gögn um áhugaverða staði á Íslandi og eru þau gögn aðgengileg á vefsjá Ferðamálstofu. Sex staðir eru merktir inn á Tálknafjarðarhrepp; *Sveinseyraroddi* sem hefur *„mest aðdráttarafl“ og Arnarstapi, Fagridalur-gönguleið, Stóra-*Laugardalskirkja, skógarreitur Tálknafirði og Tálknafjarðarkirkja sem hafa miðlungs „aðdráttarafl“.


Mynd 9. Sveitavegur.

2.5 SAMGÖNGUR

Grunnnet samgangna eru stofnvegir eins og þeir eru skilgreindir í 8. gr. vegalaga, áætlunarflugvellir, helstu flugleiðir og hafnir og ferju- og siglingaleiðir meðfram ströndinni og inn á hafnir. Í Samgönguáætlun á uppbygging grunnnetsins, viðhald þess og rekstur að vera forgangsatriði til að samgöngukerfið uppfylli þarfir fyrir alla flutninga á fólki og vöru.
Samgöngumál eru Vestfirðingum afar mikilvæg. Vestfirðir voru eitt einangraðasta svæði landsins í byrjun tuttugustu aldar og samgöngur voru einungis í boði á sjó, á hesti eða fótgangandi. Lagt var malbik á síðasta kaflann á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar árið 2011 en malbikun vegarins á milli Reykjavíkur og Patreksfjarðar er enn ekki lokið þó framfarir hafi orðið á síðastliðnum árum. Vegurinn sem tengir norður- og suðursvæði Vestfjarða er einungis fær yfir sumartímann og er lokaður yfir veturinn vegna snjóa. Árið 2016 var staðfest og sett inn á Samgönguáætlun að gerð verði göng á milli þessara tveggja atvinnusvæða og vegir endurnýjaðir og lagaðir þannig að vegalengdir munu styttast og öryggi bætast. Á næstu árum verður því hægt að keyra á malbiki hring um Vestfirði sem hefur ekki verið hægt hingað til. Þetta mun renna styrkari stoðum undir að Vestfirðir geti orðið eitt atvinnusvæði og þjónað hagsmunum íbúa Tálknafjarðarhrepps. Þau svæði sem eru á fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023 skv. tillögu til þingsályktunar og munu hafa hvað mestar úrbætur í samgöngumálum í för með sér fyrir íbúa Tálknafjarðarhrepps eru framkvæmdir við Vestfjarðarveg nr. 60, um Gufudalssveit, Dynjandisheiði og Dýrafjarðargöng. Framkvæmdir við Dýrafjarðargöng eru hafnar og verða þau mikil samgöngubót fyrir landshlutann í heild og er fyrirhugað að þeim framkvæmdum ljúki síðla árs 2020.

Beint áætlunarflug er frá Bíldudalsflugvelli til Reykjavíkur og í tengslum við öll flug ekur rúta um Tálknafjörð á flugvöllinn.

2.6 FJARSKIPTI

Hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum lauk í lok árs 2016. Samhliða var lagður þriggja fasa rafstrengur í jörð á um 130 km kafla en rafstrengur um Vestfirði hefur ekki verið hringtengdur og því er raforkuöryggi í landshlutanum ábótavant. Landsnet mun leggja jarðstreng í Dýrafjarðargöng sem mun leysa af hólmi hluta Breiðadalslínu 1 þar sem aðstæður eru erfiðar og þannig auka öryggi flutningskerfisins á Vestfjörðum.

3 VIÐFANGSEFNI OG HAGSMUNAAÐILAR



Mynd 10. Íbúðabyggðin á Tálknafirði.

Þegar tekið er tillit til þróunar sem orðið hefur í sveitarfélaginu frá því gildandi aðalskipulag var samþykkt þykir þarft að fara í endurskoðun. Efnahagslegar breytingar hafa orðið á landsvísu, atvinnuhorfur hafa breyst í sveitarfélaginu og íbúum fækkað svo tímabært er að endurskoða heildarmarkmið og stefnu sveitarfélagsins.

3.1 GREINING Á STEFNUMÓTUN

Leiðarljós aðalskipulags byggir á leiðarljósi og meginmarkmiðum gildandi aðalskipulags sem miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi til næstu 12 ára.
Yfirmarkmið skipulagsins er **að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og gera búsetu á svæðinu aðlaðandi og eftirsóknarverða, ekki síst fyrir ungt fólk.**

Lögð er áhersla á eftirfarandi sérgreind markmið:

- Að stuðla að **auknum** og **fjölbreyttum atvinnutækifærum** með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi.
- Að styrkja stoðir og **auka vægi ferðaþjónustu** á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins og fjölga gistimöguleikum.
- Að **efla sjálfbært fiskeldi** í sveitarfélaginu.
- Að stuðla að **varðveislu náttúruminja og söguminja** og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu.
- Að standa vörð um vernd **grunnvatns** sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Að stuðla að **gróðurvernd og landgræðslu** og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.

- Að stuðla að því að **nýting lands, auðlinda og mannauðs** sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun.
- Að auka vægi **opinberrar þjónustu**.
- Að leita hagkvæmustu lausna í **vegagerð** og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, m.a. með tilliti til atvinnusóknar íbúa og umferðar ferðamanna.

3.2 VIÐFANGSEFNI



Mynd 11. Marað í heitum potti sundlaugar Tálknafjarðar.

Samráð við hagsmunaaðila í sveitarfélaginu við skipulagsvinnuna er mikilvægt frá upphafi. Íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefst enn kostur á að bera upp önnur málefni til umfjöllunar við skipulagsgerðina. Lögð verður sérstök áhersla á að endurskoða viðfangsefni innan sveitarfélagsins í eftirfarandi málaflokkum:

- **Atvinnulíf og stækkun hafnarinnar á Tálknafirði.**
- **Landnotkun í þéttbýlinu, m.a. þjónustulóð fyrir dvalarheimili aldraðra.**
- **Lóðir fyrir ferðaþjónustu.**
- **Gatnagerð og samgöngur, göngustígar og gönguleiðir, m.a. lega Bíldudalsvegar um Höfðadal.**
- **Fráveitumál.**
- **Svæði fyrir fiskeldi og framtíðarsýn fyrir greinina innan sveitarfélagsins.**
- **Gæði í umhverfinu – göngustígar, lýsing, garðar, torg, götugögn.**

Atvinnulíf

Í þessum málaflokki er lögð áhersla á stefnumörkun í stoðgreinum atvinnulífsins og að auka fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins. Helstu stoðir atvinnulífsins eru fiskeldi og þjónusta.


Mynd 12. Kerlingarklof.

Mörkuð verður stefna í þessum málaflokkum með tilliti til frekari uppbyggingar, aukinnar fjölbreytni og hagkvæmnisjónarmiða.

Samgöngur

Málaflokkurinn samgöngur tekur á vegamálum í sveitarfélaginu og hafnarmannvirkjum.

Byggð, menning og samfélag

Undir þennan málaflokk falla skólar, þjónusta, frítími og varðveisla/uppbygging menningarminja, kirkjur og kirkjugarðar.
Horft verður til íbúaþróunar sl. ára m.t.t. þarfa fyrir framtíðarbyggingarsvæði og farið yfir forsendur sem kallað geta á breytingar frá gildandi aðalskipulagi, en íbúum hefur fækkað síðustu árin í sveitarfélaginu.

Umhverfismál og náttúruvernd

Áhersluatriði í þessum málaflokki eru m.a. áhrif laxeldis í sjókvíum, fiskeldi á landi, ásýnd byggðar og skipulag, sorpmál og fráveita.

Orku- og auðlindamál

Í þessum málaflokki verða ljósleiðaratengingar í sveitarfélaginu, fráveita, hitaveita og vatnsveitumál skoðuð.

4 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við vinnslu á endurskoðun aðalskipulags verður tekið mið af öðrum áætlanagerðum, bæði á vegum sveitarfélagsins og ríkisins. Helst ber að nefna landsskipulagsstefnu, rammaáætlun, samgönguáætlun og náttúruminjaskrá.
Tekið hafa gildi ný skipulagslög, nr. 123/2010, og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir nýjum skipulagsflokkum s.s. afþreyingar- og ferðamannasvæðum, íþróttasvæðum, skógræktar- og landgræðslusvæðum, varúðarsvæðum og annarri náttúruvernd. Í einhverjum tilfella mun landnotkun því færast milli landnotkunarflokka. Í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, er gert ráð fyrir vernd víðerna auk merkra jarðmyndana og vistkerfa. Í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 eru virkjanakostir skv. öðrum áfanga rammaáætlunar flokkaðir í varúðarsvæði og aðra náttúruvernd. Landsskipulagsstefna 2015-2026 tók gildi vorið 2016. Í henni er m.a. gert ráð fyrir flokkun landbúnaðarlands, að mörkuð verði stefna um yfirbragð byggðar og að landnotkun styðji við búsetu og samfélag en taki jafnframt tillit til verndarsvæða.

4.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016 og er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt skipulagslögum skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Meðal markmiða landsskipulagsstefnu er að skipulag byggðar og landnotkun stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs sbr. kafla 3.4. Öflugir innviðir þar sem segir að skipulagsgerð sveitarfélaga eigi að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum sbr. kafla 3.4. Í kafla 2.4 kemur fram að við skipulagsgerð sveitarfélaga skuli leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Í landsskipulagsstefnu er einnig fjallað um skipulag á haf- og strandsvæðum, þar sem lögð er áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda, upplýsingaöflun um vernd og nýtingu og mörkun stefnu um skipulagsmál haf- og strandsvæða í



Mynd 13. Tálknafjarðarkirkja.

samræmi við nýja löggjöf þar um sem samþykkt var 26. júní 2018. Verður tekið mið af gildandi landsskipulagsstefnu við endurskoðun aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps.

Markmið landsskipulagsstefnu verða höfð að leiðarljósi:

- **Að skipulagsbreytingar stuðli að sjálfbærri þróun.**
- **Að auka rými fyrir sveigjanleika og seiglu í sveitarfélaginu vegna umhverfis- og samfélagsbreytinga.**
- **Bæta innviði sveitarfélagsins sem stuðla að auknum lífsgæðum íbúa.**
- **Styrkja samkeppnishæfni sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög á landsvísu með því að auka gæði og fjölbreytileika byggðar.**

4.2 RAMMAÁÆTLUN



Mynd 14. Sólarlag.

Rammaáætlun fjallar um vernd og nýtingu auðlinda landsins og landsvæða og er samheiti yfir ákveðin lög, ferli og aðferðafræði sem eru verkfæri til að greiða úr ágreiningi sem kann að rísa er varðar nytjar landsins. Samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun skal tryggt að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið verði tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Virkjanakostir eru flokkaðir í orkunýtingar-, bið- og verndarflokk. Samkvæmt rammaáætlun eru engin landsvæði innan sveitarfélagsins í orkunýtingarflokki, í biðflokki né verndarflokki.

4.3 NÁTTÚRUVERNDARÁÆTLUN

Ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015. Samkvæmt 13. gr. laganna gefur ráðherra út náttúruminjaskrá og leggur fram á Alþingi eigi sjaldnar en á 5 ára fresti tillögu að þingsályktun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Í nýju lögunum er gert ráð fyrir náttúruminjaskrá sem skiptist í 3 hluta: A- hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýst eða friðuð, B- hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og C- hluti er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í nýju

náttúruverndarlögunum voru einnig skilgreindir nýir flokkar friðlýstra svæða, þ.e. óbyggð víðerni og landslagsverndarsvæði. Ráðherra ákveður friðlýsingu svæða og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlýsingar og friðunar. Í lögunum er lögð áhersla á að byggja upp skipulagt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Ákvæði um efnistöku sem áður voru í náttúruverndarlögum hafa verið færð inn í skipulagslög.

4.4 NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Eina svæðið í Tálknafjarðarhreppi sem er á náttúruminjaskrá er Patreksfjörður-Djúp, sem var friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 444/1980. Við endurskoðun aðalskipulagsins verður tekið mið af náttúruminjaskrá.

4.5 SAMGÖNGUÁÆTLUN

Samkvæmt drögum að samgönguáætlun 2019-2033 eru framkvæmdir við Vestfjarðaveg fyrirhugaðar innan sveitarfélagsins á næstu árum.



Mynd 15. Tálknafjörður í fjarska.

4.6 ÁÆTLANIR OG STEFNUR SVEITARFÉLAGSINS OG SVEITARFÉLAGA Á VESTFJÖRÐUM.

4.6.1 Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðaþróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Svæðisskipulag er unnið eftir lögformlegu ferli skv. skipulagslögum nr. 123/2013. Svæðisskipulag fellur einnig undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Samkvæmt skipulagsreglugerð er markmið svæðisskipulags „að skapa vettvang á svæðisvísu til að samræma hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, að tryggja skynsamlega og hagkvæma þróun á grunni sameiginlegra hagsmuna, að útfæra landsskipulagsstefnu á hlutaðeigandi svæði.“ Í svæðisskipulagi er sett fram stefna um byggðaþróun og önnur málefni sem viðkomandi sveitarfélög hafa sameiginlega hagsmuni um.


Mynd 16. Stefnt í átt að Tálknafirði.

Svæðisáætlun er stefnumörkun sem ólíkt svæðisskipulagi er ekki háð lögformlegum ferlum og getur tekið til fleiri þátta en landnotkunar og byggðaþróunar líkt og svæðisskipulag gerir. Svæðisáætlun hefur þannig ekki jafn mikið vægi og lögformlegt svæðisskipulag og því ákveðin hætta á að áætlunin nái ekki að festa sig í sessi. Svæðisáætlun gæti sem dæmi fjallað um staðarímynd og staðaranda, markaðssetningu, afmarkaða hluta atvinnulífs, svo sem nýsköpun og uppbyggingu einstakra atvinnugreina auk annarra sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaga sem hlut að eiga.

Í Sóknaráætlun sveitarfélaga á Vestfjörðum 2015-2019 er fjallað um mikilvægi þess að sveitarfélög á Vestfjörðum standi saman að því að gera landshlutann að sterkri einingu og samkeppnishæfan við aðra landshluta. Vestfirðir eru skýrt afmarkaðir landfræðilega og mörg hagsmunamál og áskoranir sveitarfélaga eru sameiginleg, svo sem fólksfækkun, ófullnægjandi innviðir, einsleitni í atvinnulífi, hörgull á ungu fólki og menntun, lakt framboð á þjónustu og skekkt samkeppnisstaða við önnur svæði á landinu af þessum sökum. Á fjórðungsþingi Vestfirðinga vorið 2016 voru samþykkt drög að Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum - Fyrstu skref. Í ársbyrjun 2017 lýstu sveitarfélögin yfir vilja til að fara í vinnu við svæðisskipulag með áherslu á þær atvinnugreinar sem eru í mestum vexti á svæðinu, fiskeldi og ferðaþjónustu með áherslu á sjálfbæra þróun og náttúruvernd.

4.6.2 Umhverfisvottaðir Vestfirðir

Vestfirðir hafa einsett sér að skara fram úr í umhverfismálum og vera stóriðjulaus landshluti. Verkefnið er unnið af Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Hluti af því ferli var að fá umhverfisvottun á rekstur allra sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Því markmiði var náð 2016 þegar Vestfirðir fengu silfurvottun EarthCheck, umhverfisvottunarsamtaka sem votta samfélög. Með þessu skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka mið af umhverfinu í öllum sínum ákvörðunum og tryggja sjálfbæra nýtingu svæðisins. Sveitarfélögin á Vestfjörðum fengu silfurvottun vegna starfssemi sinnar fyrir starfsárið 2018 en úttekt fyrir árið 2019 mun fara fram í október/nóvember 2019.



Mynd 17. Tálknafjarðarhöfn á fallegum degi.

4.6.3 Aðalskipulag Vesturbyggðar

Sveitarfélagið Vesturbyggð umlykur Tálknafjarðarhrepp og því er nauðsynlegt að taka mið af aðalskipulagi Vesturbyggðar við endurskoðun aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps.

4.6.4 Aðrar stefnur og samþykktir á sveitarfélags- og svæðisvísu

Samþykktir sveitarfélagsins um ýmis málefni.

4.7 AÐRAR ÁÆTLANIR STJÓRNVALDA

4.7.1 Fjarskiptaáætlun

Stjórnvöld leggja fram á fjögurra ára fresti á Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð skal stefna til tólf ára. Í fjarskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Í gildi er tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022 nr. 4/141. Markmið fjarskiptaáætlunar er að byggðakjarnar með yfir 50 íbúa séu tengdir ljósleiðara (1.c.).

4.7.2 Kerfisáætlun

Áætlunin er unnin skv. raforkulögum nr. 65/2003 en Landsneti ber að sjá til þess að fyrir liggi áætlanir um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

4.7.3 Skipulag haf- og strandsvæða

Ný lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 hafa tekið gildi þar sem strandsvæðastjórnun og hafskipulag verða stjórntæki til þess að móta heildstæða áætlun um nýtingu og vernd á haf- og strandsvæðum til framtíðar. Tilgangur strandsvæðastjórnunar og hafskipulags er að stuðla að vernd og viðhaldi vistkerfa, draga úr árekstrum ólíkrar starfsemi á haf- og strandsvæðum og stuðla að betri og upplýstari ákvarðanatöku og skapa þannig grundvöll fyrir efnahagslega uppbyggingu og félagslega velferð. Í stefnumótun haf- og strandsvæðaskipulags verður haft að leiðarljósi að tryggja betri yfirsýn, draga úr hagsmunaárekstrum og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og vernd umhverfisins.


Mynd 18. Snjóþungur vetur.

4.7.4 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin gilda á tímabilinu 2016-2030 og eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Þau taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Heimsmarkmiðin eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna



Mynd 19. Yfirlit yfir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stoðar. Ríkisstjórn Íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna

á Íslandi, en forgangsröðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Forgangsmarkmiðin endurspegla áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða. Sveitarfélagið tekur ákvörðun um hvernig innleiðing markmiðanna í stefnu sveitarfélagsins verður háttað og metur hvort forgangsraða eigi ákveðnum markmiðum í sveitarfélaginu.

4.7.5 Ferðamálastofa – Stefna 2017-2020. Framtíðarsýn, hlutverk og gildi.

Í stefnunni er framtíðarsýn Ferðamálastofu sett fram, um að tryggja og vinna að faglegri umgjörð um ferðaþjónustu á Íslandi þannig að ferðamenn og landsmenn allir hafi jákvæða upplifun af ört vaxandi atvinnugrein.



Mynd 20. Brugðið á leik.

4.7.6 Aðrar stefnur á landsvísu

- **Hafið – Stefnumótun íslenskra stjórnvalda, 2004.**
- **Hreint loft til framtíðar – Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029**
- **Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024.**
- **Menningarstefna í mannvirkjagerð, 2007.**
- **Orkustefna fyrir Ísland, 2011.**
- **Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030.**
- **Stefnumörkun um framkvæmd Samnings um líffræðilega fjölbreytni, 2008.**
- **Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024.**
- **Ferðamálaáætlun 2011-2020.**

5 MATSLÝSING

Endurskoðun aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 (UMÁ) sökum þess að áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.



Mynd 21. Sjósetning.

Umhverfismati er ætlað að sjá til þess að umhverfisáhrif séu skoðuð við mótun tillögu og að haft sé að leiðarljósi frá upphafi að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir þessu mati og verður skýrslan lögð fram með aðalskipulagstillögunni, á formlegum kynningartíma hennar. Samráð skal haft við Skipulagsstofnun við ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Helstu breytingar á stefnu gildandi skipulags verða teknar til umhverfismats. Ný skipulagslög og -reglugerð kveða á um ítarlegri stefnumótun en áður var gert. Því kann að vera óljóst hvort um stefnubreytingu er að ræða eða eingöngu breytingu til samræmis við ný lög og reglugerð. Því er gert ráð fyrir að draga fram markmið sem víkja verulega frá gildandi skipulagi og sýna hvernig ólíkir valkostir snerta umhverfisþættina sbr. lög um umhverfismat áætlana. Við gerð umhverfismats verða nýtt ákveðin viðmið og stuðst við stefnu sem sveitarstjórn hefur samþykkt ásamt stefnu og áætlunum á landsvísu sem varða viðfangsefni aðalskipulagsins (sjá kafla 2 og 3.2).

5.1 HELSTU ÁHRIFAÞÆTTIR

Þeir þættir í skipulagsvinnunni sem helst eru taldir geta haft í för með sér umhverfisáhrif varða áætlanir um stækkun hafnarmannvirkis, byggð, samgöngur og fráveitu. Í töflu 1 er fjallað nánar um þessa þætti.

Áhrifaþættir	Lýsing
Orkumál & fráveitur	Fráveituáætlun –fyrirkomulag stofnæðar fráveitu. Getur haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínu.
Atvinna	Tækifæri til sóknar í atvinnulífinu. Fjölgun ferðamanna og gisti- og afþreyingarmöguleika. Framtíð og fyrirkomulag fiskeldis
Byggð	Helstu þættir sem horft er til eru: Þróun þéttbýlisins á Tálknafirði og stækkun þjónustusvæðis vegna byggingu dvalarheimilis aldraða. Möguleg áhrif byggðaþróunar í sveitarfélaginu, s.s með tilliti til tengsla við önnur svæði, atvinnu, samgöngu- og þjónustukerfi. Byggð getur haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínu, landslag og ásýnd, náttúruvá og öryggismál.
Samgöngur	Möguleg áhrif samgangna eru vegna skipulags umferðarkerfa, bæði núverandi og nýrra, og áhrif á öryggi íbúa, byggðaþróun og atvinnutækifæri. Samgöngur geta haft áhrif á samfélag, atvinnulíf, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjó og strandlínu, landslag og ásýnd, hljóðvist, loftgæði, náttúruvá, öryggismál og veðurfar (losun gróðurhúsalofttegunda).

Tafla 1. Áhrifaþættir skipulagsins.

5.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHERSLUR

Í umhverfismati áætlunarinnar verða helstu þættir til umfjöllunar samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar, vatn, sjór og strandlína, landslag og ásýnd, náttúruvá og öryggi. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu nr. 2.

Viðfangsefni	Megin spurning í umhverfismati áætlunarinnar: Hvernig samræmist stefnumótunin umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins er varðar viðkomandi umhverfisþátt, öðrum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum?
Samfélag	Allir skipulagsþættirnir sem taldir eru upp í töflu 1 geta haft áhrif á samfélag. Meginspurningar í matinu er hvort áætlunin hafi áhrif á eftirfarandi meginþætti: • Gæði þjónustu við íbúa? • Atvinnumöguleika íbúa? • Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu? • Gæði byggðar og efnisleg verðmæti? • Aðgengi íbúa að íþrótta-, tómstunda- og útivistarsvæðum og náttúru?
Náttúrufar & dýralíf	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: • Viðkvæma náttúru eða dýralíf? • Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika? • Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla? • Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?

Náttúru- & menningarminjar	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu og veitukerfa áhrif á: • Fornleifar? • Aðrar menningarminjar/-verðmæti? • Búsetu- eða menningarlandslag? • Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd? • Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun? • Hverfisverndarsvæði?
Vatn, sjór & strandlína	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: • Vatnsverndarsvæði? • Vötn, ár og læki? • Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi?
Landslag/ ásýnd	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða og fyrirkomulag samgöngu og veitukerfa áhrif á eftirfarandi meginþætti: • Viðkvæma náttúru eða dýralíf? • Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika? Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla? • Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs?
Náttúruvá/ öryggismál	Verður náttúruvá til staðar á: • Nýjum byggingarsvæðum? • Núverandi byggingarsvæðum? • Megin samgönguæðum? • Hefur útfærsla byggðar og samgöngukerfa áhrif á umferðaröryggi?

Tafla 2. Matsþættir í umhverfismati.

Í umhverfismati áætlunarinnar verða sett viðmið fyrir hvern megin umhverfisþátt.
Viðmiðin verða sett með tilliti til stefnu Tálknafjarðarhrepps, markmiða sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiða í öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Áhersla verður lögð á að styðja við matið með mælanlegum umhverfisvísum þar sem kostur er. Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og yfirlitstafla.
Skoðað verður hvort sú stefna sem sett er fram hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á umhverfisþætti samanborið við núverandi ástand, þ.e. núll kost. Teljist umhverfisáhrif verulega neikvæð verður hægt að bregðast við með breytingu á stefnu eða mótvægisaðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um hugsanleg umhverfisáhrif.

5.3 UMHVERFISVIÐMIÐ

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem stefna aðalskipulagsins hefur í för með sér. Umhverfisviðmið geta verið af ýmsum toga s.s. lög og stefnumið stjórnvalda. Höfð verður hliðsjón af viðmiðum og umhverfisverndarmarkmiðum sem sett eru fram í töflu. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja rökstuðning fyrir þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu.

Stefnumörkun Lög	Lýsing
Lög um umhverfismat áætlana. nr. 105/2006	Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð (1.gr.).
Skipulagslög nr. 123/2010	1. kafli, 1. gr. b-liður. Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru- og menningarverðmæta og að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Markmið laganna er að tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Þá kveða lögin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða manna verk eru á. Í 30. gr. laganna segir að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands. Í 31. gr. segir að óheimilt sé að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar.
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013	Markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Í lögunum eru sett fram verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Samkvæmt 69. gr. eiga mannvirki að falla sem best að svipmóti lands. Meðal þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna eru stöðuvötn og tjarnir, mýrar og flóar, fossar svo og hrúður og hrúðurbreiður, sjávarfitjar og leirur og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Samkvæmt 62. gr. skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.
Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015	Markmið skv. 1. gr. er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi. Samkvæmt lögunum SKAL sveitarstjórn meta hvort innan staðarmarka sveitarfélagsins sé byggð sem hafi slíkt gildi hvað varðveislu svipmóts og

	menningarsögu varðar, ásamt listrænu gildi, að ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð.
Jarðalög nr. 81/2004	Markmið skv. 1. gr. er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

T

Reglugerðir	Lýsing
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013	Gr. 1. Þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi. Stuðla skal að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999	Gr. 1. Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.
Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001	Gr. 2. Markmiðið er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.

Tafla 4. Reglugerðir.

Önnur stefnumörkun	Lýsing

Heimsmarkmiðin - Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stoðar. Sveitarfélagið skal taka ákvörðun um hvernig innleiðing markmiðanna í stefnu sveitarfélagsins verður háttað og hvort ákveðnum markmiðum verði forgangsraðað í sveitarfélaginu.
Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar	Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum á heimsvísu og öðrum þjóðum fyrirmynd á sviði umhverfisverndar. Ísland hefur sérstöðu í umhverfismálum í krafti ósnortinnar náttúru og sjálfbærrar nýtingar endurnýjanlegra auðlinda. Lögð er áhersla á að náttúruvernd og náttúrunýting fari saman.
Vegvísir í ferðaþjónustu	Áfangastaðir ferðamanna verði skilgreindir í aðalskipulagi. Á áfangastöðum verði hugað að náttúru- og minjavernd, sjálfbærni áfangastaða, þjónustu, landvörslu, viðhaldi og uppbyggingu sem fellur vel að landslagi. Umferð ferðamanna verði stýrt ef þörf krefur, m.a. til að létta álagi af svæðum, þannig að hærra hlutfall gistinátta erlendra ferðamanna, á hótelum og gistiheimilum á landsbyggðinni, verði utan háannatíma. Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið. Bæta þarf uppbyggingu og viðhald heilsársvega og æskilegt er að skilgreina ferðamannaleiðir.
Hreint loft til framtíðar. Áætlunum loftgæði á Íslandi 2018-2029.	Meginmarkmið umhverfis- og auðlindaráðuneytis í loftgæðamálum er a*ð stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.* Mikilvægt er að koma í veg fyrir aukna loftmengun þrátt fyrir að áhrif hennar séu mögulega lítil hér á landi samanborið við önnur Evrópulönd. Einnig er mikilvægt að almenningur á Íslandi hafi góðan aðgang að upplýsingum um loftgæði. Loks er mikilvægt að ábyrgðarskipting stjórnvalda í málefnum tengdum loftgæðum sé skýr og að stjórnsýslan sé skilvirk. Undirmarkmið áætlunar um loftgæði á Íslandi til 12 ára (2018-2029) eru eftirfarandi: 1. Fækka árlegum ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar á Íslandi úr 80 (árið 2013) í færri en fimm fyrir 2029 2. Fækka árlegum fjölda daga þar sem svifryk fer yfir skilgreind heilsufarsmörk af völdum umferðar úr 7-20 skiptum niður í núll skipti fyrir árslok 2029 3. Ársmeðaltal brennisteinsvetnis (H2S) verði áfram undir skilgreindum mörkum
Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024	Fram kemur í stefnunni að eðlilegt sé að líta á stefnu Íslands um sjálfbæra þróun, *Velferð til framtíðar*, sem grunninn að stefnumótun Íslands í umhverfismálum og þar með úrgangsmálum.
Menningarstefna í mannvirkjagerð, 2007	Stefnu íslenskra stjórnvalda um byggingarlist og hönnun opinberra mannvirkja er ætlað að standa vörð um menningararf í manngerðu umhverfi. Markmið stjórnvalda með stefnumörkun á sviði mannvirkjagerðar er að sýna fordæmi og vera fyrirmynd í að tryggja gæði og vandvirkni ásamt því að stuðla að uppfræðslu og vitundarvakningu um þau verðmæti sem liggja í góðri byggingarlist. Stjórnvöld bera mikla ábyrgð á manngerðu umhverfi, bæði með setningu laga og reglna og við ákvarðanir um skipulag byggðar og uppbyggingu hennar.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030	Meginmarkmið aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum með það fyrir augum að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamningnum til ársins 2030.
Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024	Alþingi ályktaði, sbr. lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015, að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnu og aðgerðaáætlunar í byggðamálum og að gert verði ráð fyrir framkvæmdinni við gerð fjárlaga hvers árs. Ísland verði í fararbroddi með nútímainnviði, framsækna þjónustu, verðmætasköpun, jöfn lífsgæði og öflug sveitarfélög sem geti annast staðbundin verkefni og veitt íbúum hagkvæma og góða þjónustu með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu. Byggðamál verði samþætt við aðra málaflokka eftir því sem við á. Helstu viðfangsefni byggðaáætlunar verði að takast á við fækkun íbúa á einstökum svæðum, einhæft atvinnulíf, tæknibreytingar og þróun og aðlögun er varðar einstakar atvinnugreinar, að skilgreina nauðsynlegar mótvægisaðgerðir og aðlögun vegna áhrifa loftslagsbreytinga, að tryggja greiðar samgöngur og aðgengi að þjónustu og bregðast við harðnandi alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki. Lögð verði sérstök áhersla á svæði sem standa höllum fæti í þessu samhengi.
Ferðamálaáætlun 2011-2020	Meginmarkmið í ferðamálum á tímabilinu 2011-2020 eru: - að auka arðsemi atvinnugreinarinnar - að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið - að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar - að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugu greiningar- og rannsóknarstarfi

Tafla 5. Önnur stefnumörkun.

Samningar	Lýsing
Ramsarsamningur um votlendi	Samningurinn gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningurinn hefur það þríþætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.
Rammasamningur SÞ um loftslagsbreytingar	Að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.

Parísarsamkomulagið	Parísarsamkomulagið skyldar þær 195 þjóðir sem skrifuðu undir að vinna saman að því að halda hnattrænni hlýnun af mannavöldum innan 2°C marksins, með aukamarkmið að reyna að stefna að því að halda því innan 1,5°C. Það hefur í för með sér að stöðva aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda eins fljótt og hægt er og ná jafnvægi á milli losunar og bindingar.
Bernar-samningurinn (staðfestur 1993)	Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra.

Tafla 6. Samningar.



Mynd 22. Tálknafjarðarkirkja.

5.4 VALKOSTIR OG MAT Á ÁHRIFUM

Í umhverfismatinu verða metin möguleg umhverfisáhrif valkosta er snerta íbúðarbyggð, atvinnu og samgöngur.

Megin áherslur í greiningu á kostum og sviðsmyndum verður þó eftirfarandi:

- **Byggð: Fjallað verður um mismunandi kosti í uppbyggingu íbúðar- og atvinnusvæða og þá sérstaklega varðandi staðsetningu þeirra, afmörkun og byggðamynstur.**
- **Möguleg uppbygging ferðaþjónustu og staðsetning nýrra lóða fyrir þá uppbyggingu.**
- **Möguleikar í uppbyggingu fjölbreyttra atvinnuvega.**
- **Uppbygging göngustíga og gönguleiða um svæðið og mótun miðbæjarkjarna.**

Í matinu verða kostir bornir saman innbyrðis og við óbreytt ástand, þ.e. gildandi skipulag og þá sviðsmynd að ekkert verði aðhafst miðað við núverandi ástand. Kostir verða bornir saman m.t.t. umhverfisþátta með aðstoð gátlista og samanburður á þeim settur fram í yfirlitstöflum.

Sveitarstjórn og byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps mun leggja mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar með aðstoð ráðgjafahóps um endurskoðun aðalskipulagsins. Umhverfismatið verður byggt á þeim matsspurningum sem lagðar eru fram í töflu 2 um hvern umhverfisþátt.

Eftirfarandi einkennum áhrifa verður lýst:

Umfang: Hversu stórt eða umfangsmikið svæði verður fyrir áhrifum af áætlun og hversu margir kunna að verða fyrir áhrifum. Er líklegt að áhrif áætlunar gæti yfir sveitarfélagsmörk/landamæri?

Líkur: Hverjar eru líkur á áhrifum og hversu varanleg eru þau? Eru áhrifin t.d. afturkræf eða óafturkræf, tímabundin eða varanleg?

Sammögnun áhrifa: Er líklegt að einstakir stefnuþættir skipulagsins geti valdið sammögnuðum áhrifum á umhverfið?

Áhætta: Kann áætlunin að auka áhættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið?

Áhrif umhverfismatsins eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnuskjölum og markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum, öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt verður byggt á upplýsingum sem koma fram við kynningu og samráð meðan á undirbúningi skipulagsins stendur.


Ef umhverfisáhrif eru talin verða verulega neikvæð verður kannað hvort unnt sé að draga úr áhrifum með mótvægisaðgerðum.
Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir henni og hvort að hún sé háð útfærslu á stefnu aðalskipulagsins á síðari stigum, s.s. við gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, eða hvort gera þurfi vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

6 SKIPULAGSFERLIÐ

6.1 TÍMAÁÆTLUN

Gert er ráð fyrir að skipulagsferlið taki um eitt ár. Framvinda er þó háð ákvarðanatöku sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins og getur því eftir atvikum tekið skemmri eða lengri tíma. Hér eru sett fram drög að tímaáætlun með fyrirvara um breytingar.

1. **UNDIRBÚNINGUR** - Fundir með sveitarstjórn – Vettvangsskoðun – Markmiðasetning – Kortagrunnar. **Í VINNSLU.**
2. **FORSENDUR OG MEGINMARKMIÐ** – Öflun upplýsinga – Lýsing send umsagnaraðilum og kynnt almenningi – Opið hús með íbúum – Umfang og áherslur umhverfismats – Mótun framtíðarsýnar og markmiða. **Í VINNSLU**
3. **FYRSTU DRÖG** – Landgreining - Endurskoðun á landnotkun – Tillögugerð - Drög að umhverfisskýrslu - Úrvinnsla og stefnumótun.
4. **ÖNNUR DRÖG** – Landnotkunaruppdrættir og skýringarkort - Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla kynnt og samþykkt í nefndum og bæjarstjórn - Kynning fyrir íbúa, hagsmunaaðila og nágrannasveitarfélög.
5. **SKIPULAGSTILLAGA TIL ATHUGUNAR HJÁ SKIPULAGSSTOFNUN** - Samþykkt tillögu og umhverfisskýrslu - Frágangur vöktunaráætlunar - Athugun Skipulagsstofnunar á skipulagstillögu.
6. **SKIPULAGSTILLAGA TIL AUGLÝSINGAR** - Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla til auglýsingar - Kynning fyrir íbúa - Auglýsing á skipulagstillögu og umhverfisskýrslu (6 vikur).
7. **LOKAAFGREIÐSLA AÐALSKIPULAGS** - Úrvinnsla athugasemda - Frágangur á tillögu eftir auglýsingu - Afgreiðsla á skipulagstillögu til Skipulagsstofnunar - Staðfesting Skipulagsstofnunar.



6.2 SAMRÁÐ OG KYNNING

Einn þáttur í vinnuferli við aðalskipulag er að kynna það á ýmsum stigum þar sem m.a. er leitað eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta við mörkun stefnu og skipulagsmarkmiða.

Opnir samráðs- og kynningarfundir verða haldnir á Tálknafirði og auglýstir í staðarblaði og á heimasíðu sveitarfélagsins. Meginmarkmið slíkra funda er að virkja íbúa sveitarfélagsins til þátttöku í aðalskipulagsvinnunni og kalla fram skoðanir og hugmyndir þeirra á upphafsstigum skipulagsvinnunnar. Íbúum mun gefast fleiri tækifæri til að koma athugasemdum, hugmyndum, ábendingum og spurningum á framfæri.

Skipulags- og matslýsing þessi verður kynnt í samræmi við gr. 4.2.4. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Hún verður auglýst og kynnt á vef sveitarfélagsins. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að koma á framfæri ábendingum.

Drög að skipulagstillögu á vinnslustigi verða kynnt á vef sveitarfélagsins og á opnu húsi. Kynningin verður auglýst á vef sveitarfélagsins og í dagblöðum. Fréttum af helstu áföngum vinnunnar verður jafnframt miðlað eftir því sem tilefni er til.

Umsagnar- og samráðsaðilar

Þessi verkefnislýsing verður send til umsagnar Skipulagsstofnunar og eftirtalinna aðila sem hafa annað hvort lögbundið hlutverk sem tengist gerð aðalskipulags eða hafa staðið að áætlunum sem hafa bein áhrif á aðalskipulagið eða það mun taka mið af. Lýsingin verður einnig send til umlykjandi sveitarfélags, Vesturbyggðar. Sömu aðilar munu jafnframt fá tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi til kynningar og umsagnar, fyrir formlega auglýsingu í samræmi við skipulagslög. Lýsingin verður jafnframt send til kynningar til ýmissa atvinnutengdra hagsmunasamtaka og félagasamtaka í sveitarfélaginu.
Haft verður samráð við aðila sem fara með málaflokka sem skipulagið nær til.
Eftirfarandi aðilum verður sent bréf þar sem óskað verður eftir samráði og ábendingum um mál sem snerta starfssvið þeirra:

- ✓ Skipulagsstofnun.
- ✓ Ferðamálasamtök Vestfjarða.
- ✓ Umhverfisstofnun.
- ✓ Fjórðungssamband Vestfjarða.
- ✓ Sveitarfélagið Vesturbyggð, umlykjandi sveitarfélag.
- ✓ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
- ✓ Fiskistofa.
- ✓ Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.
- ✓ Vegagerðin.
- ✓ Veðurstofa Íslands.
- ✓ Náttúrufræðistofnun.
- ✓ Ferðamálastofa.
- ✓ Samgöngustofa.
- ✓ Minjastofnun - Minjavörður Vestfjarða.
- ✓ Orkubú Vestfjarða.
- ✓ Orkustofnun.
- ✓ Skógræktin.
- ✓ Landgræðsla ríkisins.
- ✓ Landsnet.
- ✓ Rarik.
- ✓ Kirkjugarðaráð.

7 HEIMILDIR

Ritaðar heimildir:
Alþingi Íslands. (2006). Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Sótt á: http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006105.html

Alþingi Íslands. (2010). Skipulagslög nr. 123/2010. Sótt á: http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/090-2013

Alþingi Íslands. (2015a). Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum., (713), 20–23.

Alþingi Íslands. (2015b). Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015, (660). Alþingi Íslands. (2015c). Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Sótt á: http://www.althingi.is/altext/144/s/1163.html

Ferðamálastofa (2017). Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum.

Hagstofa Íslands. Hagstofa Íslands. Sótt á: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN020 01.px/

Sóknaráætlun sveitarfélaga á Vestfjörðum 2015-2019. Fjórðungssamband Vestfirðinga. Sótt á: https://www.byggdastofnun.is/static/files/Soknaraaetlun/2015-19/soknaraaetlun-vestfjarda-2015-2019.pdf

Vefsíður:

Hagstofa Íslands: www.hagstofa.is
Umhverfisstofnun: www.ust.is
Veðurstofa Íslands: www.vedur.is
Vegagerðin: www.vegagerdin.is

8 VIÐAUKI

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
Heimsmarkmiðin eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og gilda á tímabilinu 2016-2030. Markmiðin taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki Heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Ríkisstjórn íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsröðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og endurspeglar áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða, en markmiðin í heild má finna á https://www.un.is/heimsmarkmidin/ .
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Sum markmiðanna kunna að eiga betur við í sveitarfélaginu en önnur og önnur eiga ekki við. Eigi markmiðin að nást spila sveitarfélög mikilvægt hlutverk. Það er í höndum hvers sveitarfélags fyrir sig að taka ákvörðun um hvernig innleiðing markmiðanna í stefnu sveitarfélagsins verður háttað og hvaða markmiðum á að forgangsraða í sveitarfélaginu.
Eftirfarandi markmið voru sett í forgang í vinnu stjórnvalda við innleiðingu Heimsmarkmiðanna í flokkunum innanlands og Innanlands + alþjóðasamstarf. Einnig var vissum markmiðum sem lúta að alþjóðasamstarfi forgangsraðað en þau eiga síður við um starf sveitarfélaga og eru því ekki talin upp hér. Höfð eru með nokkur markmið sem ekki voru sett í frogang af stjórnvöldum en kunna að eiga við í sveitarfélaginu.

Markmið 1- Engin fátækt: *Að útrýma fátækt í allri sinni mynd allstaðar.*
1.2 Eigi síðar en árið 2030 búi a.m.k. helmingi færri karlar, konur og börn, óháð aldri, við fátækt eins og hún er skilgreind í hverju landi.
Markmið 2- Ekkert hungur
2.4 Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbærni í matvælaframleiðslu tryggð og teknir upp starfshættir sem auka framleiðni og framleiðslu í landbúnaði, sem viðheldur vistkerfunum, dregur úr hættu af völdum loftslagsbreytinga, veðurofsa, þurrka, flóða og annarra hamfara og bætir land og jarðveg til lengri tíma litið.
Markmið 3 - Heilsa og vellíðan: *Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.*
3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og

vellíðan.
3.5 Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.
3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.
Markmið 4 – menntun fyrir alla: *Tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi.*
4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.
4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
4.*A* Byggð verði upp og endurbætt aðstaða til menntunar fyrir börn, óháð kyni, svo að allir geti lært í öruggu og friðsamlegu umhverfi án aðgreiningar, fatlaðir sem aðrir.
4.C Eigi síðar en árið 2030 verði framboð á menntuðum og hæfum kennurum aukið verulega, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu um kennaramenntun í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmst á veg komin og smáeyríkjum.
Markmið 5- Jafnrétti kynjanna: *Jafnrétti kynjanna verði tryggt og staða allra kvenna og stúlkna styrkt.*
5.2 Hvers kyns ofbeldi gagnvart konum og stúlkum á opinberum vettvangi sem og í einkalífi, þ.m.t. mansal, kynferðisleg misneyting og misneyting af öðru tagi, verði ekki liðið og regluverk sem styður við ofbeldi afnumið.
Markmið 6 - Hreint vatn og hrenlætisaðstaða: *Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu.*
6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.
6.5 Eigi síðar en árið 2030 verði stjórnun vatnsauðlinda samþætt á öllum sviðum, meðal annars með samstarfi yfir landamæri eftir því sem við á.
6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.
Markmið 8 – Góð atvinna og hagvöxtur: *Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.*
8.1 Viðhaldið verði hagvexti á hvern einstakling í samræmi við aðstæður í hverju landi og að minnsta kosti 7% vexti vergrar landsframleiðslu á ári í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.
8.2 Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuaflsfrekum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.
8.4 Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að

draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekjuríkin í fararbroddi.

8.5 Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.

8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.

Markmið 9 – Nýsköpun og uppbygging: *Byggja upp trausta innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.*

9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.

9.5 Vísindarannsóknir verði efldar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.

9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.

9.C Aðgengi að upplýsinga- og fjarskiptatækni verði aukið verulega og lagt kapp á að almenningur hafi aðgang að netinu á viðráðanlegu verði í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.

Markmið 10 – Aukinn jöfnuður: *Draga úr ójöfnuði í heiminum.*

10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.

10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.

Markmið 11 - Sjálfbærar borgir og samfélög: *Gera borgir og íbúðarsvæði örugg, sjálfbær og öllum aðgengileg.*

11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.

11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.

11.3 Eigi síðar en árið 2030 verði fjölgun í þéttbýli sjálfbær og íbúar alls staðar í heiminum taki meiri þátt í skipulagsmálum og samkomulagi um sjálfbærni.

11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.

11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með

því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.
11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.
11.A Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.
Markmið 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla: *Tryggja sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur.*
12.1 Hrundið verði í framkvæmd tíu ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu þar sem öll lönd, með hátekjuríkin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.
12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.
12.4 Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfisvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slíkum spilliefnum, í samræmi við alþjóðlegar rammaáætlanir sem samþykktar hafa verið. Dregið verði verulega úr losun efna og efnablandna út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið.
12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.
12.6 Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.
12.7 Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.
12.8 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.
12.B Þróuð verði tæki til þess að fylgjast með áhrifum sjálfbærrar þróunar á ferðaþjónustu sem leiðir af sér störf og ýtir undir staðbundna menningu og framleiðslu.
Markmið 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum: *Bráðaaðgerðir gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.*
13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.
Markmið 14 - Líf í vatni: *Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt.*
14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.
14.2 Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.
14.3 Unnið gegn súrnun sjávar og skaðlegum áhrifum haldið í skefjum, t.d. með því að efla vísindasamstarf á því sviði.
14.C Vernda og efla sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess með því að framfylgja alþjóðalögum, sbr. ákvæði þar að lútandi í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um varðveislu og sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess og nefnt er í 158. gr. í skýrslunni „The future we want“.

Markmið 15 - Líf á landi: *Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.*

15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.

15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.

15.3 Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurrkum og flóðum, og unnið að því að koma á jafnvægi milli hnignunar og endurheimtar lands í heiminum.

15.5 Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.

15.6 Stuðlað verði að sanngjarnri og jafnri skiptingu ávinnings af nýtingu erfðaauðlinda og eðlilegum aðgangi að slíkum auðlindum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum.

15.8 Gripið verði til ráðstafana eigi síðar en árið 2020 til að koma í veg fyrir aðflutning ágengra, framandi tegunda og dregið verulega úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni. Tegundunum efst á lista verði útrýmt eða útbreiðslu þeirra eða fjölgun stýrt.

15.9 Eigi síðar en árið 2020 verði tekið tillit til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætlana og í öllu þróunarferli, skýrslugerðum og aðgerðum til að draga úr fátækt.

Markmið 16 – Friður og réttlæti: *Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla jarðarbúa, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum.*

16.1 Dregið verði verulega úr hvers kyns ofbeldi og dauðsföllum sem rekja má til þess.

Markmið 17 – Samvinna um markmiðin: *Blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun og grípa til aðgerða.*

17.17 Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi.